



LIM2B05

Námsáætlun, haustönn 2024

Kennari/kennarar:

Guðný María Jónsdóttir

Þorbjörg Matthíasdóttir

Netfang/netföng:

gudny.jonsdottir@borgo.is

thorbjorg.matthiasdottir@borgo.is

Lýsing:

Áfanginn er menningarfræðilegur og fjallað verður um stöðu lista og menningar frá 1950 til samtíma með sérstöku tilliti til sögulegs samhengis. Nemendur vinna verkefni þar sem þeir kanna afmörkuð tímabil í mannkynssögunni erlendis og á Íslandi. Skoðað er hvernig ólíkar listgreinar tengjast í gegnum stíla/tíðaranda og hvernig ólíkar aðstæður í samfélagi hafa áhrif á listgreinar. Lögð verður áhersla á að nemandinn auki skilning á sögulegu samhengi lista og menningar, auki orðaforða og geti tjáð skoðanir sínar og rökstutt mál sitt. Áfanginn á að efla og hvetja nemendur í að beita gagnrýninni hugsun og gera þau læs á umhverfið, efnislega og menningarlega. Nemendur rýna í umhverfi sitt og skoða mikilvægi menningar og hvernig hún er tilkomin

Þekkingarviðmið. Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- straumum og stefnum samtímamenningu
- tjáningarmáta og séreðli ólíkra list- og miðlunargreina
- mismunandi möguleikum ólíkra list- og miðlunargreina til tjáningar
- grunnatriðum skapandi tjáningar í miðlun

Leikniviðmið. Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skoða og skilgreina menningu liðandi stundar
- greina ólíkar list- og miðlunargreinar m.t.t. inntaks og framsetingar
- greina miðlun og listræna tjáningu á fagurfræðilegan og táknfræðilegan hátt
- takast á yfirvegaðan hátt við álitamál í tjáningu og miðlun

Hæfniviðmið. Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- kynna athuganir sínar og niðurstöður á skilmerkilegan og fjölbreytilegan hátt
- tjá sig á skapandi hátt um álitamál varðandi menningu og listir í samtíma
- taka þátt í uppbyggilegri og frjórri umræðu um fagurfræðileg og táknfræðileg álitamál

Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi, í því felst að nemendur vinna ólík verkefni sem öll eru metin til einkunnar.

Einstaklingsverkefni eru fimm og gilda 5% hvert

Hópverkefni eru sjö og gilda fyrstu sex verkefni 10% en sjöunda hópverkefnið gildir 15%

Námsgögn:

Enginn bókakostnaður er við áfanga en nemendur gætu þurft að greiða aðgangseyri að listviðburði.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Nemendur fara á listviðburði og reynt er að halda kostnaði við þær ferðir í lágmarki. Ferðir á listviðburði eru stundum farnar á tíma utan stundatöflu.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmatsþættir
1	19.-23. ágúst	Kynning á áfanga – farið yfir vinnureglur <i>Menningarnótt</i> Árin 1950 – 1960	<i>Einstaklingsverkefni 1 – 5%</i> <i>- Menningarnótt</i> Hópverkefni 1 – 10 %
2	26.-30. ágúst	Kynning á einstaklingsverkefni 1 Árin 1950 – 1960	
3	2.-6. sept.	<i>Kynningar á hópverkefni 1</i> Árin 1960-1970	Hópverkefni 2 – 10%
4	9.-13.sept.	Árin 1960-1970	
5	16.-20.sept	Kynningar á hópverkefni 2 Árin 1970 – 1980	Vörðuvika I Hópverkefni 3 – 10%
6	23.-27. sept.	Árin 1970 - 1980 RIFF byrjar	
7	30.sept.- 4. okt.	<i>RIFF</i> <i>Kynningar á hópverkefni 3</i>	<i>Einstaklingsverkefni 2 - 5%</i> <i>- Riff</i>
8	7.-11. okt.	Árin 1980 – 1990	Hópverkefni 4 – 10%
9	14.-18. okt.	Árin 1980 – 1990	
10	21.-23. okt.	Kynningar á hópverkefni 4	Hauðhlé
11	29. okt.-1. nóv.	Árin 1990 – 2000 <i>Unghost</i>	Hópverkefni 5 – 10% Einstaklingsverkefni 3 - 5% <i>- Unghost</i>
12	4.-8. nóv.	Árin 1990 – 2000 <i>Airwaves</i> <i>Kynningar á hópverkefni 5</i>	Vörðuvika II. Einstaklingsverkefni 4- 5% <i>- Airwaves</i>
13	11.-15. nóv.	Árin 2000 – 2010	Hópverkefni 6 – 15%
14	18.-22. nóv.	Árin 2000- 2010 Kynningar á hópverkefni 6	
15	25.-29. nóv	Árin 2010 – 2020	Hópverkefni 7- 15% Einstaklingsverkefni 5 - 5% <i>- Kvikmynd</i>
16	2.-6. des.	Árin 2010 – 2020 Kynningar á hóp verkefni 7	
17	9.-12. des.	Samtíminn	Síðasti kennsludagur

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.